

146 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Hjúkrunarsjóð Ögurhrepps“, út-
25. ágúst gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. ágúst 1942.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjúkrunarsjóð Ögurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 2000 króna gjöf Ragnhildar Jakobsdóttur frá Ögri, til minningar um systkini hennar, Árna Jakobsson og Halldóru Jakobsdóttur, og telst stofndagur hans 14. september 1942, sem er 60 ára afmælisdagur Árna Jakobssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla hjúkrunarstarfsemi í Ögurhreppi og helzt á þann hátt, að á vegum hans starfi sérstök hjúkrunarkona í hreppnum. Ef kostur er á hjúkrunarkonu, sem upprunnin er úr Ögurhreppi, skal hún sitja fyrir að öðru jöfnu, og er enda heimilt að styrkja stúlku úr sveitinni til hjúkrunarnáms af tekjum sjóðsins.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn með gjöfum, sem honum kunna að áskotnast, og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, í tryggum verðbréfum eða á annan hátt, er fullnægir fyrirmælum laga um örugga varðveislu og ávöxtun opinberra sjóða.

4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa, þegar hann er orðinn fullar 10000 krónur. Eftir það má verja úr honum á hverju ári í samræmi við tilgang hans, samkv. 2. gr., upphæð, er nemi allt að $\frac{3}{4}$ vaxtanna, en afgangur vaxtanna leggst árlega við höfuðstólinn.

5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera héraðslæknirinn í Ögurhéraði, sóknarpresturinn í Ögurþingum og 1 kona valin af hjúkrunarfélagi, ef slíkt félag er starfandi í hreppnum, en ella af almennu kvenfélagi, er sinnir hjúkrunarmálum. Nú er ekki slíkkum félögum til að dreifa, og velur þá hreppsnefndin í Ögurhreppi konu í sjóðstjórnina. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ásamt hreppsreikningum Ögurhrepps.

6. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. júní 1942.

Ragnhildur Jakobsdóttir.